



FUNDARGERÐ

581. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn fimmtudaginn 25. október, 2018 kl. 16.00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina.

Oddviti sveitarstjórnar, Einar Freyr Elínarson, setti fundinn og stjórnaði honum og óskaði eftir að eftirtalin mál yrðu tekin á dagskrá fundarins:

- Bréf frá Stjórn Hollvinasjóðs varðandi fjármögnun á sjúkrakallkerfi fyrir heimilið.
Verði liður II -7 á dagskrá.
- Bréf til dómsmálaráðherra vegna almannavarna í Mýrdalshreppi.
Verði liður III – 5 á dagskrá.
- Drög að samning um innleiðingu persónuverndarlaga og þjónustusamningur um persónuverndarfulltrúa við Attaca Labs ehf.
Verði liður III – 6 á dagskrá.
- Ályktun vegna réttinda og aðstæðna erlends starfsfólks
Verði liður III – 7 á dagskrá.

Samþykkt var að taka þessi erindi á dagskrá.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

Dagskrá fundarins:

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 240. fundar Fræðslunefndar sem fram fór 3. október 2018.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

- Samþykkt samhljóða.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Beiðni um umsögn vegna rekstrarleyfis til sölu gistingar í flokki IV, stærra gistiheimili, frá Elínu Einarsdóttur, kt. 080367-4069.

EFE víkur sæti undir þessum lið og varaoddviti, IMB, tekur við stjórn fundarins.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins.

BH
EE
PT
ISK
AJT

- Samþykkt samhljóða.

EEF mætir aftur til fundarins.

2. Tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða niðurfellingu Kaldrananesvegar (2233) af vegaskrá.

Fram var lögð tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða niðurfellingu Kaldrananesvegar (2233) af vegaskrá. Vegagerðin gefur kost á að koma á framfæri athugasemdum við ákvörðunina.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps mótmælir því að umræddur vegur verði felldur af vegaskrá. Fyrir liggur að íbúðarhúsið á Kaldrananesi verður nýtt hér eftir af nýjum eigendum og föst búseta höfð þar. Jafnframt hvetur sveitarstjórn Vegagerðina til þess að koma veginum í gott horf, enda hefur viðhaldi ekki verið sinnt þannig að vegurinn sé ásættanlegur fyrir fólk sem sækja þarf vinnu frá Kaldrananesi allt árið um kring.

- Samþykkt samhljóða.

3. Bréf frá Þórhalli Hauki Þorvaldssyni hrl. um smalamennskur í Fellsheiði.

Fram var lagt bréf frá Þórhalli Hauki Þorvaldssyni hrl. sem, fyrir hönd Guðjóns Harðarsonar, krefst afturköllunar ákvörðunar sveitarstjórnar um að skipuleggja skuli smalamennskur í Fellsheiði á grundvelli 16. gr. fjallskilasamþykktar Vestur Skaftafellssýslu.

Sveitarstjóra er falið í samstarfi við lögfræðing sveitarfélagsins að svara bréfinu.

- Samþykkt samhljóða.

4. Kaup á Ærslabelg

Fram var lagt bréf frá börnum í Mýrdalshreppi þar sem þau óska eftir að Mýrdalshreppur kaupi Ærslabelg og komi honum fyrir á Guðlaugsbletti.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps fagnar fram komnu erindi og samþykkir að jafna öll veitt framlög til söfnunar á Ærslabelg, allt að einni milljón króna og kosta uppsetningu hans.

- Samþykkt samhljóða.

5. Félagsmiðstöðin í Vík.

Fram var lagt bréf frá grunnskólabörnum í 7.-10. bekk Víkurkóla varðandi Félagsmiðstöðina í Vík.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps felur sveitarstjóra auglýsa eftir áhugasömum og hæfum einstakling sem veitt getur forstöðu félagsmiðstöð fyrir ungmenni í sveitarfélaginu.


ÁJT leggur til svohljóðandi breytingartillögu: Við bókunina bætist:

Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að ganga lengra og hefja vinnu við gerð starfslýsingar fyrir íþróttu- og tómstundafulltrúa með það að markmiði að staðan verði auglýst.

Breytingartillagan er samþykkt með þremur atkvæðum, R.H, D.B, og ÁJT. I.M.B. og E.F.E. sitja hjá.

Bókunin borin fram með áorðnum breytingum.

- Samþykkt samhljóða.


PL EHF AJT

6. Landskipti á jörðunum Keldudal og Felli.

Fram var lagt erindi frá Ríkiseignum vegna landskipta vegna jarðanna Keldudals, landnúmer 194054, og jarðarinnar Fells, landnúmer 163014.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps gerir ekki athugasemd við landskiptin.

-Samþykkt samhljóða

7. Bréf frá Stjórn Hollvinasjóðs varðandi fjármögnun á sjúkrakallkerfi fyrir heimilið.

Fram var lagt bréf frá stjórn Hollvinasjóðs Hjallatúns þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið finni leið til að fjármagna uppsetningu nýs kallkerfis fyrir Hjallatún.

Sveitarstjórn leggur til að notaðir verði eftirstöðvar fjármuna sem til eru í sjóð, sem gefinn var heimilinu við stofnun þess, til uppsetningu kallkerfis sem stjórn Hollvinasjóðs Hjallatúns hefur samþykkt að kaupa.

-Samþykkt samhljóða

III. Málefni til umfjöllunar/ afgreiðslu

1. Bréf til sveitarstjórnar er varðar umferðaröryggi í Víkurþorpi frá Ingibjörgu Jenný Lárusdóttur, Bergný Ösp Sigurðardóttur og Petru Kristínu Kristinsdóttur.

Sveitarstjórn deilir áhyggjum þeirra er sendu bréfið. Byggingarfulltrúi hefur þegar hafið skoðun á þeim málum sem talin voru í bréfinu og vonir standa til að úrbætur verði unnar á næstunni. Sveitarstjóra er falið að fylgja því eftir.

- Samþykkt samhljóða.

2. Umsögn um samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2033.

Fram var lögð tillaga að umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2033, 173. mál.

- Samþykkt með fjórum atkvæðum, Á.J.T. situr hjá.

3. Endurskoðun siðareglina kjörinna fulltrúa Mýrdalshrepps.

Sveitarstjórn hefur endurskoðað siðareglur kjörinna fulltrúa Mýrdalshrepps og samþykkir að þær skuli standa óbreyttar.

- Samþykkt samhljóða.

4. Endurskoðun gjaldskrár íþróttamiðstöðvar.

Lagt er til að stakt gjald fyrir fullorðna í sund hækki úr 600 krónum í 900 krónur sem er sambærilegt við aðra sundstaði á landinu, hækkunin tekur gildi frá og með 01.01.2019.

- Samþykkt samhljóða.

5. Bréf til dómsmálaráðherra vegna almannavarna í Mýrdalshreppi.

Fram voru lögð drög að bréfi til dómsmálaráðherra vegna almannavarna í Mýrdalshreppi.

Sveitarstjóra falið að koma bréfinu til skila og vinna að frekari framgangi erindisins.

*BB
JN
GLH
AJT*

- Samþykkt samhljóða.

6. Innleiðing persónuverndarlaga

Með lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga voru lögfest ákvæði reglugerðar Evrópupbingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46 EB. Lögð eru fram drög að samning við Dattaca Labs ehf. um innleiðingu persónuverndarlaga og gerð þjónustusamnings um persónuverndarfulltrúa til 12 mánaða.

Sveitarstjóra falið að ganga frá samning við Dattaca Labs ehf.

- Samþykkt samhljóða.

7. Ályktun vegna réttinda og aðstæðna erlends starfsfólks

Fjölmíðlaumfjöllun síðustu misseri hefur varpað ljósi á þær bágu aðstæður sem erlent vinnuafli býr oft á tíðum við hér á landi. Í Mýrdalshreppi er stór hluti vinnandi fólks af erlendu bergi brotið.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps fordæmir með öllu misnotkun á erlendum starfsmönnum á vinnumarkaði og skorar á vinnuveitendur að fylgja lögum og reglum í hvívetna og virða réttindi starfsfólks.

- Samþykkt samhljóða.

IV. Fundargerðir til kynningar.

1. Fundargerð stjórnar Hollvinasjóðs Hjallatúns frá 20. september 2018.

Lagt fram til kynningar.

2. Fundargerð 536. fundar stjórnar SASS frá 18. september 2018.

Lagt fram til kynningar.

3. Fundargerð 537. fundar stjórnar SASS frá 3. október 2018.

Lagt fram til kynningar.

4. Fundargerð haustfundar Ungmennaráðs Suðurlands frá 6. september 2018.

Sveitarstjórn beinir því til íþróttar- og tómstundaneftnar að standa fyrir vali á fulltrúa í Ungmennaráð Suðurlands. Gerð er tillaga um að nefndin leiti til ungmenna sveitarfélagsins við valið.

-Samþykkt samhljóða.

Lagt fram til kynningar.

V. Kynningarefní.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.40




Einar Freyr Elínarson, oddviti




Ingi Már Björnsson, varaoddviti



Ragnheiður Högnadóttir



Drífa Bjarnadóttir



Ástþór Jón Tryggvason



Fundargerð.

240. fundar Fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

| | |
|-------------------|--|
| Fundarstaður: | Víkurskóli |
| Fundartími: | Miðvikudaginn 3. október kl. 16:30. |
| Mættir: | Undirritaðir aðalmenn og varamenn fræðslunefndar. Ingibjörg Lárusdóttir og Pálmi Kristjánsson boðuðu forföll. Að auki sátu fundinn: leikskólastjóri, Bergný Sigurðardóttir, skólastjóri Víkurskóla, Elín Einarsdóttir, tónskólastjóri Brian Roger, áheyrnarfulltrúi kennara, Kolbrún Hjörleifsdóttir. Fyrir mistök gleymdist að boða áheyrnarfulltrúa foreldra Salóme Valdimarsdóttur. |
| Ritari fundarins: | Þorbjörg Gísladóttir ritaði fundargerðina í tölvu. |

1. Staðan í skólunum.

a. Grunnskóli

Skólastjóri, Elín Einarsdóttir fór yfir starfsemi skólans það sem af er nýju skólaári. Fram kom í máli Elínar að góður andi ríkti í skólanum vinna innan skólans gengi vel.

b. Tónskóli

Skólastjóri, Brian Roger fór yfir starfsemi skólans það sem af er nýju skólaári. Fram kom í máli Brians að vinna innan skólans gangi vel, góð aðsókn hefur verið í skólann, tveir fullorðnir væru á biðlista og eitt barn. Brian lýsti ánægju sinni með aukið og gott samstarf á milli skólanna í Vík

c. Leikskóli

Leikskólastjóri, Bergný Ösp Sigurðardóttir fór yfir starfsemi skólans það sem af er nýju skólaári. Í máli leiksskólastjóra kom fram að í haust hefði litið út fyrir að hún væri búin að fullmanna leikskólan og í ljósi þess hafi hún tekið inn öll börnin sem voru á biðlistanum. Daginn eftir að bréfin voru send út, hætti einn starfsmaður. Nú á síðustu 2 vikum hefur það gerst að 2 starfsmenn hafa hætt við að koma til starfa og hefur það sett alla starfsemi leikskólans í erfiða stöðu. Mikið álag sé á starfsmönnum og því mikilvægt að gott samstarf og traust sé á milli foreldra og leikskólans. Sem stendur er verið að auglýsa eftir starfsmönnum.

Reglur um vistunartíma hafa mikið verið í umræðunni og sá leikskólastjóri sig knúna til að senda út bréf þar sem foreldrar voru hvattir til að virða vistunartíma barna sinna. Bæði leiksskólastjóri og nefndarmenn gera sér fulla grein fyrir því að vistunartíminn er þróngur og mun Bergný reyna að gera skipulagsbreytingar sem gætu hugsanlega komið til móts við óskir foreldra. Fræðslunefnd skorar á sveitarstjórn að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að hægt sé að bjóða upp á lengdan vistunartíma, þannig að foreldrar geti stundað vinnu a.m.k. frá kl 8 til 16.

Á fundinum kom fram að samkvæmt vistunarreglum þá er leikskólinn með fimm skipulagsdaga á ári auk Haustþings leikskólakennara sem halddið er í október ár hvert. Þau mistök voru gerð við gerð skóladagatals að telja Haustþingið með sem skipulagsdag og þar af leiðandi er leikskólinn aðeins með 4 skipulagsdaga í ár auk Haustþingsins, því verður ekki breytt. Af þeim sökum er aðeins einn skipulagsdagur í október ásamt

Haustþingi. Hálfur starfsdagur verður þann 30. nóvember(á móti þeim sem var í ágúst) og svo verða tveir starfsdagar eftir áramót, þann 6. mars og svo þann 26. apríl.

Einnig kom fram að leikskólinn ætlar að halda áfram með Art kennslu og það þýddi að 2 starfsmenn burftu að fara á 3 daga námskeið á Selfossi sem leiddi því miður til þess að leikskólinn burfti að senda heim börn þessa daga. Auk þess eru þrír hálfir dagar í viðbót sem þarf að senda börn heim í október vegna endurmenntunar/námskeiða starfsmanna. Þetta er engin óskastaða og óviðunandi að grípa hafi þurft til þessara aðgerða. Því miður gerist það of oft að námskeið lendi mörg á svipuðum tíma en leikskólastjóri kemur til með að reyna að passa að þessir árekstrar eigi sér ekki stað aftur. Þetta er óvenjulegt ástand sem stjórnendur leikskólans gera sér fulla grein fyrir að erfitt verður að leysa. Lokanir vegna skipulagsdaga verða ekki fleiri á þessu ári og ekki er reiknað með fleiri heimsendingum.

Rædd var upplýsingamiðlun til foreldra, þar voru nefndar nokkra leiðir til að bæta úr en jafnframt lögð á hersla á að foreldra fylgist með t.d. á skóladagatali og séu í góðu sambandi við leikskólann.

Önnu Björnsdóttur var falið að bjóða eldri borgurum að taka þátt í starfi leikskólans, verkefnið er í höndum leikskólastjóra í samstarfi við félag eldri borgara til útfærslu.

Leikskólastjóri lýsti óánægju sinni með fyrirhugaða hækjun leikskólagjalda sem samþykkt var á síðasta sveitarstjórnarfund og benti á að vistunin hjá Mýrdalshreppi væri í hærra lagi samanborið við nágrannasveitarfélögin.

2. Önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.30

Anna Huld Óskarsdóttir
formaður

Haukur Pálason

Sigrún Jónsdóttir

Anna Björnsdóttir

Íris Mjöll Valdimarsdóttir